

Alþingi
Mál nr. P 136/1220
Middagur 11. 3. 2009

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 11. mars 2009

Viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frv. til brt. á l. nr. 87/1998 og nr. 108/2008 (358. mál)

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til frumvarps um breytingu á lögum um eftirlit með fjármálastarfsemi og lögum um verðbréfavíðskipti. Tilgangur frumvarpsins er að yfirfæra ákvæði svokallaðrar gagnsæistilskipunar ESB á verðbréfamarkaði, sem nú er í íslenskum lögum um verðbréfavíðskipti, yfir á fjármálastarfsemi almennt. Þannig er með frumvarpinu ætlunin að ganga lengra en Evrópuregluverkið gerir ráð fyrir.

SFF gera ekki efnislegar athugasemdir við breytingartillögu 1. gr. frumvarpsins. Hins vegar eru SFF almennt þeirrar skoðunar að regluverk fjármálamarkaðar á Íslandi eigi að fylgja alþjóðlegum reglum. Ekki er minnst á það í athugasemdum frumvarpsins hvort önnur ríki á EES-svæðinu, og þá hver, hafa yfirfært með þessum hætti ákvæði tilskipunar gagnvart verðbréfamarkaði yfir á alla fjármálastarfsemi.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er stundum talað um að takmörkuð upplýsingagjöf frá FME gefi til kynna að stofnunin sé veik. SFF telja þvert á móti brýnt að svo mikilvæg stofnun sem fjármálaeftirlitið er sé það sterk að síharðnandi aðgangskröfur fjölmiðla nútímans fari ekki að vega eftirlitshagsmunum þyngra. Hafa verður í huga að eftir því sem vinnubrögð eftirlitsaðila verða opnari, aukast líkur á að samskipti eftirlitsins við eftirlitsskylda aðila breytist. Þannig er ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir að tilhneiging hins eftirlitsskylda aðila til að halda aftur af eðlilegri upplýsingagjöf til eftirlitsins aukist ef líkur eru til að veittar upplýsingar rati í framhaldinu beint í opinbera umræðu. Með eðlilegum trúnaði myndast traust, sem á að geta unnið í þágu eðlilegra eftirlitshagsmuna en ekki öfugt.

Íslenskur fjármálamarkaður gengur í gegnum erfiða tíma um þessar mundir og krafa almennings og fjölmiðla um upplýsingar um allt sem lítur að starfsemi fallinna er banka hávær. Slíkar kröfur eru eðlilegar þegar svo stórt áfall gengur yfir eina þjóð, en á sama tíma er mikilvægt að stjórnvöld meti málin heildstætt og gæti þess að hér á landi verði ekki gengið lengra í slíkum eignum en almennt þekkist meðal Vestrænna ríkja.

Virðingarfyllt,



Guðjón Rúnarsson